



Þingnefnd 6 - Leikjaiðnaður

Þingnefndartillaga

Eftirfarandi verkefni eru efst á framkvæmdalista IGI:

Fjármögnun og starfsskilyrði

Endurgreiðsla þróunarkostnaðar

Fyrirtæki fái endurgreiddan hluta þróunar- or rannsóknarkostnaðar en slíkt mótframlag er besti hugsanlegi stuðningur við leikjafyrirtæki á Íslandi.

Endurgreiðsla gæti verið dregin frá tekjuskatti eða með beinum greiðslum þar sem það ætti ekki við. Styðjast má við erlenda fyrirmynd og líkt og norska SkatteFunn.

Skattaréttlæti varðandi skráða vinnu og kauprétti

Vinnuframlag reiknað til verðmæta í sprotafyrirtækjum er skattlagt.

Eðlilegra væri að fyrirtæki sem eru í vöruþróun get talið vinnu til tekna áður en sala hefst.

Kaupréttir til starfsmanna eru algengt hvatakerfi hjá leikjafyrirtækjum. Í dag þurfa starfsmenn að greiða skatt af kaupréttarsamingum áður en fyriræki fara á markað eða viðskipti eiga sér stað með félögin. Þessu þarf að breyta.

Fjárfestingasjóður

Nýsköpunarsjóður og Tækniþróunarskjóður gætu staðið fyrir því að setja upp ramma að nýjum fjárfestingasjóði sem mun sérhæfa sig í fjárfestingum í tölvuleikjafyrirtækjum. 7 ára sjóður upp á 3 milljarða.

Opinber stuðningur við leikjagerð

Koma á fót opinberum sjóð eða endurskipuleggja endurgreiðslusjóð kvikmynda. Fyrirtæki sem vinna að þróun sem styrkja íslenska menningu, eru á íslensku eða nýttast við kennslu fái 20% endurgreiðslu af þróunarkostnaði.

Í samvinnu við stjórnvöld væri reglugerð og markmið kvikmyndasjóðs aðlöguð til að styðja við bakið á fyrirtækjum sem vinna að leikjaþróun og nýmiðlun.

Ísland endurgreiði framleiðslukostnað á tölvuleikjum líkt og er í boði fyrir erlenda kvikmyndaframleiðendur. Gera Ísland að raunhæfum kosti fyrir skrifstofur erlendra leikjafyrirtækja þar sem boðið er upp á sambærileg hvatakerfi og í nágrannalöndum okkar.

Kynningar og markaðsmál

Samvinna við Nordic Game

IGI mun standa að bókun, uppsetningu og skipulagningu á bás í samvinnu við Nordic Game á helstu ráðstefnum (GDC SF EU og Nordic) og geri félögum kleift að taka þátt.



Ímyndar- og markaðsátak í þágu iðnaðarins

Vekja athygli á jákvæðum áhrifum tölvuleikja og fyrirtækjunum sem vinnustöðum og virðisaukandi iðnaði.

Stuðla að auknum áhuga og aðsókn í nám sem nýtist leikjafyrirtækjum.

Kynna markaðinn fyrir tölvuleiki til uppbyggingar (serious games).

Vinna með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum í upptöku og fræðslu um PEGI, evrópska leikjaflokkunarkerfið.

Styðja leikjafyrirtæki í að komast á fagsýningar til að kynna vörur og starfsemi

Kynning og markaðssetning á tölvuleikjum fer fram á fagsýningum. Það myndast líka tengsl og verða til samstarfssamningar milli fyrirtækja.

Markmið IGI verður að koma Íslenskri leikjaþróun á framfæri í samvinnu við Nordic Game á helstu ráðstefnum leikjaiðnaðarins.

Menntun – Mannauður - Þróun

Efla samstarf háskóla og sprotafyrirtækja – sprotastuðningur

Samræða IGI og háskóla um að nýta betur aðföng á sviði rannsóknar og þróunar til framdráttar tölvuleikjafyrirtækjum. Samstarf IGI og háskóla leiði til raunhæfra þróunarverkefna sem m.a. Viðskiptasmíðja, Gervigreindarsetur, Nýsköpunarsjóður og Frumtak hafi ástæðu til að styðja við og þróa. Í sum verkefni þarf ekki að leggja til aukið fjármagn eða önnur aðföng en nú er þegar gert.

IGI eigi frumkvæði að slíku samstarfi og dragi vagninn. Þetta verkefni hefur engin tímamörk. Árangur metinn eftir fjölda árangursríkra verkefna sem sjá dagsins ljós.

Námsbraut í tölvuleikjafræði á framhaldsskólastigi

Stofnuð námsbraut með sérstaka áherslu á stærðfræði. Námsbrautin brautskráir ekki fólk til beinna starfa í leikjaiðnaði en gerir því kleift að búa sig undir háskólanám sem nýtist greininni. IGI leggi inn beiðni hjá menntamálaráðuneyti um að skrifuð sé námskrá fyrir námsbraut á framhaldsskólastigi í tölvuleikjafræði. Námskrá tilbúin eftir eitt ár. Kennsla hefst haust 2011.